

Lyklafellslína 1 í lögsögu Kópavogs.

Auglýsing um framkvæmdaleyfi.

Kópavogsbær hefur samþykkt að veita framkvæmdaleyfi vegna Lyklafellslínu 1. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og liggur matsskýrsla Landsnets og álit Skipulagsstofnunar fyrir. Framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag og aðalskipulag.

Öll gögn vegna framkvæmdaleyfisins eru aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar. Slóðin er: <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>.

Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á grundvelli 52. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá auglýsingu þessari þ.e. til og með 13. mars 2018. Vakin er athygli á því að þeir einir geta kært ákvörðunina sem eiga lögvarða hagsmuni tengda henni.

Skipulagsstjóri Kópavogs.